

Ár 2002, mánudaginn 26. ágúst er dómþing dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal af Halldóri Halldórssyni dómsformanni og Ólafi Björnssyni dómara í dómstól ÍSÍ og Brynjólfi Jónssyni lækni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 4/2002.

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

Guðna Frey Sigurðssyni.

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með beiðni Lyfjaráðs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands dagsettri og mótekinni á skrifstofu Íþróttasambands Íslands 18. júlí sl.

Kæri er Guðni Freyr Sigurðsson kt. 230382-4849, félagsmaður í Handknattleiksfélagi Kópavogs í Kópavogi.

Kröfur kæranda. Þess er krafist að Dómstóll ÍSÍ dæmi nefndan íþróttamann í bann við þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum Íþróttasambands Íslands, sambandsaðila Íþróttasambands Íslands eða félaga eða deilda innan þeirra.

Í málinu eru eftirtalin skjöl lögð fram. Nr. 1 krafa um bráðabirgðabann. Nr. 2 bréf Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ. Nr. 3. lyfjæftirlitsblað nr. 333 varðandi töku sýnis. Nr. 4. bréf Huddinge Universitetssjúkhus dags. 10. júlí sl. Nr. 5 upplýsingar frá Heilbrigðisráði ÍSÍ september 2001.

Halldór Halldórsson dómari í Dómsól Íþróttasambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu 24. júlí. Með vísan til greinar 23.6 í lögum ÍSÍ er dómurinn fjölskipaður og einn dómenda læknir.

II.

Í beiðni kæranda kemur fram að kærði hafi verið boðaður í lyfjæftirlit á Íslandsmótinu í hreysti (fitness). Lyfjæftirlitið hafi verið að frumkvæði og á ábyrgð mótshaldara, Íslandsdeildar IFBB, sem ekki er aðili að ÍSÍ en framkvæmt af starfsmönnum þáverandi Heilbrigðisráðs ÍSÍ samkvæmt samkomulagi þar um. Kærði hafi gengist undir lyfjæftirlit og látið í té þvagsýni (A- og B- sýni) sem sent var til

greiningar á Huddinge Unisersitessjúkhus í Svíþjóð. Niðurstöður rannsóknar A sýnis bárust lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ í maí sl. Þær sýndu að í sýninu var að finna efnið þrjú efni, efedrín, nandrolone og stanozolol, auk þess sem hlutfalli milli styrks testosterons og epitestosterons var og hátt (T/E=22) em gaf til kynna misnotkun testosterons. Þessi lyf efni eru á lista alþjóða Ólympíunefndarinnar yfir bönnuð efni og aðferðir. Styrkur efedríns og niðurbrotsefnisins nandrolone (19-norabdrosterone) í sýninu var meiri en leyfilegur hámarksstyrkur þessara efna sem tilgreindur er í listanum. (Styrkur efedríns var 46,2 µg/ml, leyfilegur hámarksstyrkur er 10µg/ml styrkur 19-norabdrosterone var 46 ng/ml, leyfilegur hámarksstyrkur er 2 ng/ml.) Í listnum er ekki tilgreindur leyfilegur hámarksstyrkur stanozolol í sýni og felur fundur þess í sér brot sama hversu magnið er lítið. Hærra T/E hlutfall en 6 er talin vísbending um hærra hlutfall en 10 nánast ögugg vísbending um misnotkun testosterons.

Mótshaldara var gerð grein fyrir niðurstöðu greiningarinnar og sáu þeir um að skýra kærðu frá þeim.

III.

Þegar lyfjapróf það sem hér um ræði fór fram voru í gildi eldri lög og reglugerðir ÍSÍ um lyfjaeftirlit og lyfjamisnotkun og vísar kærandi réttilega til þeirra í kæru sinni.

Samkvæmt 20. gr. þágildandi laga ÍSÍ var lyfjamisnotkun bönnuð og taldist brot framið þegar bannað efni fannst í líkamsvefjum eða vökvum íþróttamanns.

Fram hefur komið að þegar kærði gekkst undir lyfjaprófið var hann ekki að stunda íþrótt sem heyrir undir sérsamband innan ÍSÍ. Undir rekstri málsins kom fram að Heilbrigðisráð ÍSÍ setti sem skilyrði fyrir lyfjaeftirlitinu að þeir íþróttamenn sem ekki stæðust lyfjaprófið mættu búast við að verða kærði fyrir brot sín til ÍSÍ. Kærði hefur ekki gert neinar athugasemdir við að mál hans sé rekið fyrir Dómstól ÍSÍ og ekki borið fyrir sig að málið eigi ekki undir dómstóla ÍSÍ. Með því að kærði er félagsmaður í Handknattleiksfélagi Kópavogs er heimilt að kveðja hann í lyfjaeftirlit hvenær sem er og þó svo lyfjapróf það sem hér um ræðir hafi farið fram í tengslum við íþrótt sem ekki á aðild að ÍSÍ leiðir það ekki til þess að málið eigi ekki undir dómstóla ÍSÍ og er það því tekið til efnislegarar umfjöllunar hér.

Í 20 gr. þágildandi laga ÍSÍ taldist brot framið þegar bannað efni fannst í líkamsvefjum eða vökvum íþróttamanns. Hefur kærði því með háttsemi sinni gerst brotleg við þessa grein. Telst brot hans nægjanlega sannað. Kærði sótti þing þegar

mál þetta var þingfest og játaði skýlaust að hafa framið brotið og taldi ekki átæðu til aðdraga niðurstöðu rannsóknarinnar í efa. Jafnframt upplýsir hanað IFBB hafi þegar dæmt hann í tveggja ára keppnisbann.

Með vísan til 12. gr. þágildandi reglugerðar ÍSÍ um lyfjaeftirlit þykir rétt að útiloka kærða í tvö ár frá og með deginum í dag að telja eins og nánar greinir í dómsorði enda er hér um fyrsta brot hans að ræða.

Dóm þennan kveða upp Halldór Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ Ólafur Björnsson dómari í Dómstól ÍSÍ og Brynjólfur Jónsson læknir. Meðferð málsins hefur dregist nokkuð vegna sumarleyfa og anna dómara við önnur störf.

DÓMSORÐ

Kærði, Guðni Freyr Sigurðsson kt. 230382-4849, er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum Íþróttá og Ólympíusambands Íslands, sérsambanda þess og félaga eða deilda innan sérsambanda Íþróttá og Ólympíusambands Íslands í tvö ár frá og með deginum í dag að telja.

Halldór Halldórsson

Ólafur Björnsson

Brynjólfur Jónsson